



## Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Þriðjudaginn 6. október 2020 var haldinn fundur í Hafnar- og skipulagsnefnd á 2. hæð Túnbraut 1-3 kl. 16:00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Jóhann Sigurjónsson, Steindór Haraldsson, Þröstur Líndal, Bragi Þór Haraldsson byggingafulltrúi og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Pétur Ingi Sveinbjörnsson og Helgi G. Gunnarsson starfsmenn Vegagerðarinnar sátu fundinn undir 1. dagskrárlíð.

Adolf H. Berndsen formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### 1. Höfnin

#### a. Staða framkvæmda

Fyrir fundinum lágu drög að minnisblaði ritað af Pétri Inga Sveinbjörnssyni og Helga G. Gunnarssyni starfsmönnum Hafnasviðs Vegagerðarinnar þar sem útlistaðar eru tvær tillögur að lengingu á austurgarði smábátahafnar til þess að auka kyrrð. Fyrri tillagan felur í sér lengingu um 30 m. Í þeirri útfærslu er hafnarmynnið um 25-30 m breitt, háð endanlegri hönnun garðsins. Seinni útfærsla gerir ráð fyrir um 50 m lengingu austurgarðs smábátahafnar sem miðar að núverandi innsiglingarrennu.

Sé horft til 30 m lengingar austurgarðs þá lækkar reiknuð meðalhæð kenniöldu við innri og ytri flotbyggjur um 6-16% samkvæmt hafnarlíkani, minnst fyrir norðan úthafsöldu sjólag en mest fyrir suðvestan vindöldu sjólag. Sogin lækka um 30-40% í norðan úthafsöldu og suðvestan vindöldu sjólagi en 13-18% fyrir sunnan vindöldu, en í því sjólagi reiknast líka minnstu sogin.

Verði austurgarður lengdur um 50 m með beygju á endanum, reiknast meðalhæð kenniöldu við innri og ytri flotbyggju óbreytt yfir í að hækka um allt að 30% samkvæmt hafnarlíkani. Þessi útfærsla veldur hins vegar meiri lækkun á sogunum sem reiknast um 50% að meðaltali.

Starfsmenn Hafnasviðs Vegagerðarinnar fóru yfir efni minnisblaðsins og ræddu við nefndina. Fram kom að samtal við notendur hafnarinnar hafi átt sér stað fyrir um daginn. Áætlað er að loka tillaga liggja fyrir á næstu vikum og að framkvæmdir við breytingar á garðinum hefjist upp úr áramótum.

B  
JGS  
BPN



## 2. Skipulagsmál

### a. Afgreiðslur byggingafulltrúa

Bragi Þór greindi frá þeim verkefnum sem byggingafulltrúi hefur tekið til umfjöllunar og afgreiðslu frá síðasta fundi.

- b. Fellsbraut 15 – breyting á gluggum.
- c. Finnstaðir – samþykkt stöðuleyfi fyrir skýli fyrir útigangshesta.
- d. Hólabraut 11 – samþykkt að setja gönguhurð og glugga í stað bílskúrshurðar.
- e. Hólabraut 25 – samþykkt að gerð yrði köld geymsla undir svölum.
- f. Strandgata 8 – samþykkt bygging sólstofu/ stækkun anddyris og gluggabreyting.
- g. Sunnuvegur 1- samþykkt bygging á 9,4 fm garðhúsi.

Að öðru leyti var málið var til kynningar

### h. Umsóknir um lóðir til byggingar

#### i. Ránarbraut 10

Fyrir fundinum lá umsókn Jóns Ólafs Sigurjónssonar frá 12. september 2020 sem sækir um úthlutun á lóð að Ránarbraut 10 fyrir byggingu einbýlishúss. Í umsókn kemur fram að um timburhús sé að ræða. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í október 2020 og að byggingartími verði 12 mánuðir. Lóðin sem um ræðir var auglýst skv. ákvörðun sveitarsjórnar með afslætti af öllum gatnagerðargjöldum háð því að byggingaframkvæmdir verði hafnar innan árs og að bygging hafi hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára frá úthlutun.

Nefndin samþykkir að veita umsækjanda lóðina til byggingar einbýlishúss.

#### ii. Hólanesvegur 4

Fyrir fundinum lá umsókn Guðjóns Bjarnasonar f.h. Geymd ehf. dags. 10. september sem sækir um endurúthlutun á byggingarlóð nr. 6. vestan við Hólanesveg til byggingar á einbýlishúsi en í umsókn kemur fram að líklega verði um innflutt einingahús að ræða. Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2021 og byggingartími verði 2,5 ár. Lóðin sem um ræðir var auglýst skv. ákvörðun sveitarstjórnar með afslætti af öllum gatnagerðargjöldum háð því að byggingaframkvæmdir verði hafnar innan árs og að bygging hafi hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára frá úthlutun.

Nefndin samþykkir að veita umsækjanda lóðina að nýju til byggingar einbýlishúss háð því að byggingartími verði 2 ár.

### i. Breytt notkun, stækkun lóðar og byggingarleyfi

B  
Jóns  
Bart



## HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

### i. Hafnarlóð 7

Fyrir fundinum lá umsókn Harbour ehf. um breytta notkun, stækkun lóðar og bílastæði utan lóðar á Hafnarlóð 7.

- a. Sótt er um heimild til þess að breyta notkun hluta hússins að Hafnarlóð 7, landnr. 145685, matshluta 03-0101. Húsið er í dag skráð sem verkstæði og fyrirhugað að breyta því í veitingastað samkvæmt fyrirlögðum aðaluppdráttum nr. A-101 og A-102 í verknúmeri 7246-01, dags. 4. september 2020 og unnir voru af Atla Gunnari Arnórssyni verkfræðingi hjá Stoð.

Fyrir fundinum lá yfirlýsing meðeigenda hússins að Hafnarlóð 7, Fiskmarkaðs Íslands og Vík ehf. útgerðar dags. 17. september þar sem fyrirhugaðar breytingar á notkun húsnæðis eru samþykktar. Í yfirlýsingu kemur einnig fram að eigendur samþykki samhliða stækkun lóðar skv. hjálögðum afstöðuppdrætti á aðaluppdrætti. Stærð lóðarhluta tilheyrandi matshluta 03-0101 verður þannig 384,4 m<sup>2</sup> eftir breytingu en var fyrir 194,0m<sup>2</sup>. Heildarflatarmál lóðar fyrir allt húsið eykst því úr 615,7 m<sup>2</sup> í 804,1 m<sup>2</sup>.

Þá er sótt um heimild til þess að nýta opið svæði vestan lóðarinnar, vestan aðkomuvegar að höfninni sem bílastæði fyrir veitingastaðinn.

Nefndin samþykkti erindið eins og það er fyrir lagt.

- b) Fyrir fundinum lá umsókn um byggjarleyfi ásamt teikningum af húsunum skv. aðaluppdrætti sem byggingafulltrúi samþykkti fyrir sitt leyti. Beðið er eftir umsögnum eftirlitsaðila áður en byggingaleyfi er gefið út.

### 3. Bréf

#### a. Erindi Lárusar Ægis Guðmundssonar dags. 30.01.2020

Fyrir fundinum lá erindi Lárusar Ægis Guðmundssonar dags. 30.01.2020.

Nefndin tók erindið í heild sinni til umfjöllunar og fór yfir ábendingar sem þar komu fram. Sveitarstjóri fór yfir ýmis atriði bæði varðandi viðskipti hafnarinnar og umhverfismál tengd höfninni og skýrði að hvaða verkefnum er verið að vinna.

Nefndin leggur til að gerð verði þjónustukönnun hjá notendum hafnarinnar. Erindinu var að öðru leyti vísað til sveitarstjórnar.

### 4. Önnur mál

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

B  
JBS  
BPH



HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

---

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:35

A. H. Þorðsson  
Sveinbjörn Þorðsson  
Frósteið Lundel,  
Péturina I. Jakobsdóttir,  
Þórunn G. Sigríðsdóttir  
Bragi Ká Haraldsson